

## Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2021 –Fundargerð

Haldinn á Hilton Nordica, Reykjavík 27. maí 2020 kl. 17:15

Ólafur H. Jónsson formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:20 og gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, hæstaréttarlögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók til starfa og gerði tillögu um Sigríði Ómarsdóttur, skrifstofustjóra Almenna lífeyrissjóðsins, sem fundarritara. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykktta sjóðsins vera boðaður með 14 daga fyrirvara. Fundurinn var upphaflega boðaður þann 25. mars sl. en vegna hertrar sóttvarnarregla var honum fresta um óakveðinn tíma þann 24. mars sl. Fundurinn var síðan aftur formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 30. apríl sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 11., 12. og 14. maí 2021.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

#### Dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Fundarstjór lagði til eftirfarandi breytingar á auglýstri dagskrá. Lagt var til að 5 liður kosning stjórnar væri tekin til afgreiðslu á undan tillögum um breytingar á samþykktum, dagskráliður 4.

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði saman um dagskrálið 1-3. Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillögurnar.

Því næst var gengið til dagskrár fundarins.

#### 1 Skýrsla stjórnar

*Ólafur H. Jónsson*, formaður stjórnar

Ræðu Ólafs má í heild sinni finna á vefnum [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

Ólafur tók til máls og fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári en árið 2020 verður lengi í minnum haft þar sem heimsfaraldur geisaði og hafði mikil áhrif á hagkerfi heimsins. Miklar sveiflur voru á verðbréfamörkuðum en í lok mars snérð markaðir hratt til baka. Góð ávöxtun var á innlendum og erlendum mörkuðum á árinu. Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins nutu góðs af hagstæðri þróun á mörkuðum og skiliðu ágætri ávöxtun. Ævisafn I hækkaði mest eða um 16% sem jafngildir um 12,1% raunávöxtun.

Í lok febrúar árið 2020 greindist fyrsti íslendingurinn með sjúkdóminn Covid-19 og þann 6. mars lýsti ríkislöggreglustjóri yfir neyðarstigi Almannavarna í samráði við sóttvarnarlækni. Sem kunnugt er breiddist veiran út um heiminn og varð að alheimssfaraldri sem leiddi til efnahagssamdráttar um allan heim. Starfsfólk Almenna lífeyrissjóðsins brást strax við og setti upp viðbragðsáætlun, sem miðaði að því að halda starfsemi sjóðsins gangandi og tryggja lágmarksþjónustu við sjóðfélaga. Þegar sett var á samkomubann og fleiri en 20 og síðar 10 einstaklingar máttu að

hámarki koma saman var afgreiðslu sjóðsins lokað. Þjónusta við sjóðfélaga fór á þeim tíma fram í gegnum síma, netspjall, með fjarfundum og tölvupóstsamskiptum. Stjórn sjóðsins fylgdist vel með rekstri sjóðsins í upphafi faraldursins og fundaði vikulega með starfsmönnum í gegnum fjarfundarbúnað. Þegar dró úr smitum og meiri reynsla komst á að lifa með veirunni hættu aukafundirnir en hefðbundnir stjórnarfundi fóru fram sem fjarfundir allt fram í janúar á þessu ári.

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2020 fór langt fram úr væntingum. Munar þar mestu um hækjun á hlutabréfum á árinu, bæði innlendum og erlendum. Einnig veiktist krónan nokkuð gagnvart erlendum gjaldmiðlum og svo hækkuðu innlend skuldabréf í verði vegna lækkunar á ávöxtunarkröfu langra skuldabréfa. Ávöxtun sjóðsins hefur verið með eindæmum góð á síðustu árum sem sést best ef litið er á raunávöxtun síðastliðinna 10 ára. Sem dæmi má nefna að raunávöxtun Ævisafns I var að jafnaði 6,7% á tímabilinu og samtryggingarsjóðs 5,9%. Þessar tölur eru yfir sögulegu meðaltali safna með sambærilega eignasamsetningu. Skýringin á þessum háu ávöxtunartölum er mikil lækkun á vöxtum á fjármálamörkuðum víðast hvar á liðnum árum.

Ólafur gerði grein fyrir því að í apríl var lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Með því eru lagðar til mestu breytingar á lögum um lífeyrissjóði frá því að núverandi lög voru samþykkt árið 1997. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur skilað inn umsögn um frumvarpið þar sem megintillaga okkar er að það verði dregið til baka og þess freistað að vinna málið betur í tengslum við gerð grænbókar og heildarendurskoðunar lífeyriskerfisins sem hefur verið boðuð.

Þá vék Ólafur að fjárfestingastefnu Almenna fyrir árið 2021 sem var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 25.11.2020. Mestar breytingar voru gerðar á fjárfestingastefnu Ævisafns III, en í nýrri stefnu er stefnt að 30% vægi hlutabréfa í stað 20% áður. Tiltölulega litlar breytingar voru gerðar á fjárfestingastefnu annarra ávöxtunarleiða.

Þá vék Ólafur að lánveitingum til sjóðfélaga en á árinu 2020 breyttust aðstæður á húsnæðislánamarkaði eftir að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í nokkrum skrefum úr 2,75% í 0,75%. Í kjölfarið hafa bankar lækkað vexti á húsnæðislánum meira en lífeyrissjóðir og boðið óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum, nálægt væntri verðbólgu á næstu árum. Afleiðing þessa er að fjöldi einstaklinga hefur endurfjármagnað húsnæðislán sín hjá bönkunum og greitt upp lán hjá lífeyrissjóðum. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og í fyrsta sinn í sögu sjóðsins var heildarupphæð uppgreiddra lána hærri en nýjar lánveitingar.

Ólafur gerði grein fyrir því að á þessum ársfundi leggur stjórn sjóðsins fram nokkrar tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins og er þar á meðal tillaga um rafrænt stjórarkjör í framtíðinni. Verði tillagan samþykkt munu sjóðfélagar kjósa til stjórnar með rafrænum skilríkjum á þar til gerðri kosningasíðu á netinu. Einnig munu þeir eiga kost á að koma á skrifstofu sjóðsins meðan á kosningu stendur og greiða atkvæði sitt þar

Ólafur gerði grein fyrir því að stjórn lífeyrissjóðsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftar ef tilefni er til og nú í COVID faraldrinum bættust við reglulegir fjarfundir. Ólafur þakkaði meðstjörnendum fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Huldu Rósar Rúriksdóttur og Örnu Harðardóttur í stjórn auk Kristjáns Th. Davíðssonar varamanns. Arna og Hulda gefa báðar áfram kost á sér og engin önnur framboð hafa borist eru þær því sjálfkjörnar.

Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina

## 2 Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs

**Gunnar Baldvinsson**, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs. Ársreikningurinn er áritaður án fyrirvara af endurskoðanda sjóðsins em er EY endurskoðun.

Árskýrluna og kynningu Gunnars má í heild sinni finna á vefnum [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

Helstu tölur ársreiknings eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 41 ma.kr. á árinu eða um 15%, úr 269 ma.kr. í 310 ma.kr. í lok síðasta árs.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu 2,7 ma.kr. þar af nam ellilífeyrir 2,1 ma.kr.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 5,3 ma.kr.
- Heildariðgjöld námu 16,9 ma.kr. sem skiptust þannig að viðbótariðgjöld námu 4,4 ma.kr. og lágmarksíðgjöld námu 12,3 ma.kr.
- Heildariðgjaldagreiðslur hafa aukist jafnt og þétt á árunum 2016-2020 og hafa lágmarksíðgjöld aukist um 63% og viðbótariðgjöld um 19% á tímabilinu.
- Séreignarsjóður stækkaði um 15% og námu eignir hans 162,3 ma.kr. í lok árs 2020. Samtryggingarsjóður stækkaði um 15% og námu eignir hans 147,3 ma.kr. í lok árs 2020.

Gunnar vék í umfjöllun sinni að tryggingafræðilegri úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. af Vigfúsi Ásgeirssyni og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni. Við úttektina var byggt á sérhæfðum dánarlíkum fyrir Almenna lífeyrissjóðinn sem eru byggðar á reynslu áranna 2014-2018. Niðurstaða úttektarinnar er að tryggingafræðilega staða er í jafnvægi. Staðan batnaði um 4,1% vegna góðrar ávöxtunar. Áfallnar skuldbindingar eru 0,2% hærri en eignir, að núvirði framtíðariðgjalda er 1,1% lægra en verðmæti framtíðarskuldbindinga. Heildarstaða er neikvæð um 0,6%.

Gunnar gerði grein fyrir því að félag íslenskra tryggingarstærðfræðinga hafi gert nýtt spálíkan um breytingar á dánartíðni til framtíðar og sent tillögur um nýjar dánar- og eftirlifendatöflur til fjármálaráðherra sem gefur út töflur fyrir lífeyrissjóði. Líklegt er að nýjar töflur taki gildi við tryggingafræðilegt uppgjör í árslok 2021. Farið var stöðun og þrjár sviðsmyndir en sjóðurinn munn væntanlega þurfa að hækka lífeyrisaldur til að laga áunna stöðu ásamt því að breyta réttindatöflu.

Að lokum þakkaði Gunnar sjóðfélögum og stjórn félagsins fyrir gott samstarfið á árinu. Gunnar þakkaði einnig starfsfólki sjóðsins fyrir vel unnin störf á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir yfirferðina.

### 3 Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins

**Kristjana Sigurðardóttir**, fjárfestingarstjóri.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir 2021 sem var samþykkt undir lok árs 2020.

Sjóðfélagar geta valið um sjö ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Hægt er að velja söfn sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er hægt að velja innlend ríkisskuldbréf og innlend bankainnlán. Kristjana fór yfir fjárfestingastefnu í hverri ávöxtunarleið í séreignarsjóði og samtryggingarsjóði og hver eignastaðan er samanborið við fjárfestingastefnu.

Kristjana vék að ávöxtun ársins 2020 en raunávöxtun eignasafna Almenna lífeyrissjóðsins var á bilinu -0,5% til 12,1 en nafnávöxtun var á bilinu 4,0% til 16,0%. Raunávöxtun eignasafnanna síðustu 10 ár er á bilinu 1,5% til 6,7%. Farið var yfir nafnávöxtun eignaflokka fyrir árið 2020 ásamt greiningu innlendra skuldabréfa sjóðsins en 42% af eigninni er í ríkisskuldbréfum og 29% í sjóðfélagalánum. Farið var yfir atvinnuvegaskiptingu á innlendri hlutabréfaeign sjóðsins en sjóðurinn á samtals í um 38 félögum. Að lokum var farið yfir skiptingu á erlenda safninu en stærstur hluti safnsins er í skráðum hlutabréfum eða 79%.

Kristjana fór yfir áherslur sjóðsins í fjárfestingum er varða samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Á síðustu árum hefur vöruframboð stóraukist og auknar kröfur fjárfesta um upplýsingar og mat á áhrifum fjárfestinga á samfélög. Regluverk um samræmda upplýsingagjöf hefur jafnframt verið aukið á síðustu árum.

Þá fór Kristjana fór yfir fjárfestingaumhverfið, þróun á verðkennitölum á hlutabréfum í Bandaríkjunum og innlenda hlutabréfamarkaðinum frá árinu 2012. Farið var yfir þróun vaxta og hlutabréfaverðs frá 2016. Að lokum vakti Kristjana athygli á því að á heimasíðu sjóðsins væri að finna daglegt gengi fyrir öll söfn sjóðsins.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir.

Óskar Sigurðsson spurðu hvort sjóðurinn væri að skrá sig í sérhæfða sjóði í framtakssfjárfestingum?

Kristjana svaraði að sjóðurinn væri að skrá sig í slíka sjóði.

Guðný spurðist fyrir um hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum vegna hækkunar á meðalævi síðustu ára væru fyrirhugaðar á næstu árum?

Gunnar gerði grein fyrir því að á síðustu árum hafi meðalævin stöðugt verið að lengjast og nauðsynlegt væri að bregðast við þessum breytingum sem fyrst. Góð ávöxtun síðustu ára hefur hjálpað til við að fresta aðgerðum. Gera má ráð fyrir að breytingar munu fela í sér að hækka verði lífeyrisaldur eða lækka lífeyrisgreiðslur, þ.e. dreifa greiðslum yfir lengra tímabil. Breytingar verða væntanlega mismunandi eftir aldurshópum.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til atkvæðagreiðslu. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum atkvæðum.

## 5 Kosning stjórnar

Á ársfundinum skal kjósa tvo aðalman og einn varamann í stjórn til þriggja ára.

Á fundinum lýkur kjörtímabili eftirtalinna stjórnarmanna:

### Aðalmenn:

Arna Guðmundsdóttir

Hulda Rós Rúriksdóttir

### Varamenn:

Kristján Th. Davíðsson

Frestur til að skila inn framboðum til aðalstjórnar fyrir ársfund rann út á miðnætti þann 19.05.2020.

### Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn

Arna Guðmundsdóttir, læknir

Hulda Rós Rúriksdóttir, hæstaréttarlögmanns

Arna og Hulda Rós gefa báðar kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og ekki bárust önnur framboð til setu í aðalstjórn og eru þær því sjálfkörnar í aðalstjórn sjóðsins til næstu þriggja ára.

### Eftirtaldir gáfu kost á sér í varastjórn

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn sjóðsins hafi borist eitt framboð til setu í varastjórn frá Ragnari Torfa Geirssyni.

Fundarstjóri óskaði eftir framboðum til varastjórnar úr sal.

Kristján Th. Davíðsson gaf kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn sjóðsins og kom í pontu og gerði grein fyrir sér.

Á meðan talning atkvæða fór fram voru teknar fyrir tillögur um samþykktarbreytingar.

#### 4 Tillaga um breytingar á samþykktum

**Helgi Pétur Magnússon**, lögræðingur.

Helgi Pétur Magnússon, lögfræðingur, gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum. Um er að ræða breytingar á eftifarandi greinum.

##### 1. Rafrænt stjórnarkjör

- Grein 5.1 um stjórn sjóðsins
- Grein 8.3 um umboð atkvæðisréttar
- Greinar 7.1 og 7.2 um ársfund

Breytingarnar fela í sér heimild til rafrænna kosninga áður en ársfundur fer fram og framkvæmd þeirra.

##### 2. Viðmiðunarvísítölur

- Greinar 8.2, 12.6, 19.1, 20.5, 23.5 – vísítölur uppfærðar
- Greinar 19.3 og 25.3 - áréftað að vísitala er vísitala neysluverðs til verðtryggingar

Breytingarnar fela í sér uppfærslu á fjárhæðum og vísítolum.

##### 3. Umboð stjórnarmanna

- Ný grein 5.8

Breytingin á að tryggja að umboð stjórnarmanna til setu í stjórn verði ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur.

##### 4. Afsögn stjórnarmanns

- Ný grein 5.9

Breytingin er sett inn til skýringar á því hvað gerist ef stjórnarmaður segir starfi sínu lausu.

##### 5. Vanhæfi stjórnarmanns

- Ný grein 5.10

Breytingin er gerð til að taka af allan vafa um þær reglur sem gilda þegar vanhæfi stjórnarmanns kemur upp.

#### **Umræður og atkvæðagreiðsla**

Fundarstjóri lagði til að atkvæðagreiðsla vegna samþykktarbreytinga færi fram með handauppréttingu. Fundurinn samþykk til tillöguna.

Kristján benti á að laga þyrfti orðalag í breytingartillögu á grein 7.1 en réttar sé að nota telji hún tilefni til í stað telur hún tilefni til. Fundarstjóri sagði að tekið yrði tillit til ábendingarinnar.

Ingavar Baldurson kom í pontu og lýsti ánægju með tillögu um rafrænar stjórnarkosningar. Ingvar beindi þeir áskorun jafnframt til stjórnar að í framtíðinni væru ársfundir rafrænir.

Framлагаðr breytingartillögur voru samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

#### 6 Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar leggur stjórn sjóðsins til að Ernst & Young ehf. verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Ernst & Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2021.

#### 7 Ákvörðun um laun stjórnar

Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Ólafur H. Jónsson, formaður stjórnar, kynnti tillögu um stjórnarlaun fyrir árið 2021-2022.

- Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns hækka úr 175 þúsund krónum í 185 þúsund krónur á mánuði.
- Varformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun.
- Stjórnarmaður sem stóðst hæfismat FME á undanförnu starfsári fær auk þess 2 mánaðarlaun almenns stjórnarmanns.
- Laun varamanns fyrir setinn fund hækka úr 110 þúsund krónum í 115 þúsund krónur
- Laun varamaðnss fyrir setinn fund sem aðalmaður verða 185 þúsund krónur.
- Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til mánaðarlauna stjórnarmanns.

Fundarritari bauð upp á umræður um þessa tillögur. Engin tók til mál og var tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

#### Þá var aftur vikið að lið 5 um kosningu stjórnar

Niðurstöður kosninga í varastjórn eru eftirfarandi.

Kristján Th. Davíðsson	85,3	80,5 %	atkvæða
Ragnar Torfi Geirsson	14,7	19,5 %	atkvæða

Kristján Th. Davíðsson er því kjörin til 3ja ára.

#### 8 Önnur mál.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Formaður tók til orðs, óskaði stjórnarmönnum til lukku með kosningu og sleit fundi.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið um kl. 18:48.

Ólafur H. Jónsson  
Sigríður Ómarsdóttir